

58. fundur Fræðslusjóðs
Mánudaginn 19. sept. 2016 kl. 14.30-16.00
haldinn í Skipholti 50b. III. hæð.

Mætt: Guðrún Ragnarsdóttir, Fjóla Jónsdóttir, Halldór Grönvold, Garðar Hilmarrson, Ársæll Guðmundsson, Sólveig B. Gunnarsdóttir, Kristín Þóra Harðardóttir, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. Frá FA: Sveinn Aðalsteinsson og Björn Garðarsson.
Boðuð forföll: Guðrún Eyjólfsdóttir, Jón Fannar Kolbeinsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð (*fylgiskjal 1*). Kristín Þóra Harðardóttir boðin velkomin en hún er aðalmaður fyrir hönd SA, í stað Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, sem látið hefur af störfum fyrir SA.

2. Sex mánaða yfirlit um framkvæmd úrræða styrkt af Fræðslusjóði (*fylgiskjal 2*).

Sjá fylgiskjal. BG fór yfir stöðuna. Miðað við að um sex mánaða uppgjör er að ræða, mætti gera ráð fyrir að framkvæmd væri í samræmi við það, eða nálægt 50%. Því vakti athygli að í mörgum tilvikum er framkvæmdin hlutfallslega mun lægri eða mun hærri. Vekur það spurningar um hver raunveruleg fjárþörf fræðsluaðila verði á haustönninni og hvort og þá hvernig takist ýmist að nýta það fé sem úthlutað var, eða mæta þörf fyrir aukið fjármagn á haustönninni. FA falið að leita skýringa hjá fræðsluaðilum og senda stjórn tímanlega fyrir næsta fund. Upplýst að frávik af þessu tagi væru algeng í sex mánaða uppgjöri fræðsluaðila.

3. Endurúthlutun haustið 2016 (*fylgiskjal 3*)

- a. Ákvörðun um framlag úr varasjóði við viðbótarúthlutun ársins.
- b. Horfur á viðbótarúthlutun.

Ákvörðun um framlag af óráðstöfuðu fé Fræðslusjóðs verði tekin á næsta fundi, þegar fyrir liggja skýringar fræðsluaðila á framkvæmd fyrstu sex mánuði ársins, sbr. lið 2, og umsóknir í endurúthlutað fé.

4. Endurskoðun laga um framhaldsfræðslu

- a. Hvernig staðið verður að endurskoðuninni.

Svanhildur fór yfir þá vinnu sem þegar hefur farið fram. Verkefnahópur á vegum mnrn hefur verið settur á laggirnar og leiðir hún hópinn. Leitað hefur verið til Ingibjargar Elsu Guðmundsdóttur, um veita hópnum ráðgjöf. Ætlunin er að leita til hagsmunaaðila um óformlegt samráð. SKS verður á fundi Kvasis 21. sept. n.k. þar sem hún mun gera grein fyrir fyrirhugaðri vinnu. Vonir standa til að endurskoðuninni verði lokið í apríl 2017.

- b. Rýni á núverandi lögum fyrir hönd FS

Fulltrúar Fræðslusjóðs hafa enn ekki náð að hittast. Stefnt að því að þau kynni niðurstöður sínar eigi síðar en á næsta fundi Fræðslusjóðs. Nauðsynlegt að

SG
SG

HE SJ
Q. SKS

stjórn hafi kynnt sér vinnu þeirra og sé sammála um niðurstöður áður en þær verða sendar mrn.

Spurningin er hversu ítarleg endurskoðunin kemur til með að vera; verður um algjöra uppstokkun á lögnum, minniháttar lagfæringar, skerpa á eða eitthvað þar á milli.

Mörg atriði koma inn á borð F.sjóðs sem ekki eru skýr í núgildandi lögum um framhaldsfræðslu sem mikilvægt er að tekið verði á við endurskoðun laganna. Má þar nefna, en er ekki tæmandi, t.d. raunfærnimat móti viðmiðum atvinnulífsins og hlutverk fræðsluerindreka. Þá vakna spurningar um hvað tilheyrir reiknilíkaninu og hvað hlutverki Fræðslusjóðs.

5. Náms- og starfsráðgjöf

a. Upplýst um fund 7. sept. sl.

Framkvæmdastjóri FA, formaður stjórnar Fræðslusjóðs og Fjóla Jónsdóttir áttu fund með fulltrúum Kvasis og þeirra miðstöðva sem standa utan Kvasis. Um var að ræða hugarflugsfund þar sem ræddar voru leiðir að endurskoðun á náms- og starfsráðgjöf til framtíðar. Spurning hvort og þá hvernig eigi að einfalda greiðslumódelið og skýra það frekar. Fræðslusjóður er að styrkja ákveðna þjónustu og skilgreiningin á henni þarf að vera skýr og auðveld í meðhöndlun.

b. Næstu skref

Annar fundur hefur verið boðaður föstudaginn 23. sept. n.k. Á þeim fundi eiga fræðsluaðilar að leggja fram kostnaðargreiningu v. ráðgjafarinnar frá sínum sjónarhóli og FA aflar upplýsinga um taxa námsráðgjafa á frjálsum markaði.

6. Önnur mál

a. Fyrirspurn frá Mími um stuðning við túlkajónustu í náms- og starfsráðgjöf (fylgiskjal 6)

Hafnað þar sem núverandi reglur og skilmálar gera ekki ráð fyrir þessari þjónustu. Verður tekið upp við endurskoðun á skilmálum Fræðslusjóðs.

b. Gæði verkefna styrkt af þróunarsjóði FS (BG, SKS)

Kynnt voru dæmi um afurðir sem orðið hafa til fyrir tilstilli styrkja úr Fræðslusjóði til nýsköpunar- og þróunarverkefna. Skilgreina þarf nánar hlutverk og umboð formanns úthlutunarnefndar nýsköpunar- og þróunarverkefna á að vera og hlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar þegar kemur að uppgjöri verkefna.

Kanna þarf leiðir sem aðrir sjóðir hafa farið í þessum efnun. Ákveðið að halda umræðunni áfram á næsta fundi.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:00

Gudrun Þorgeirsdóttir
Hallgrímur Ólafsson
Fjóla Jónsdóttir
Sambandur K. Sverrisdóttir

Séð Guðni Þorjónsson
Kristín Þóra Helgadóttir
Einar Hilmarsson
Þorsteinn Þorsteinsson